

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1999

16. júní 1999

1165

Nr. 412

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðar- og hesthúsabyggðar við Einbúa og frístundabyggðir í landi Böðmódsstaða I í Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 4. maí 1999 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Böðmódsstaða I. Einnig samþykkti hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 25. maí 1999, deiliskipulag íbúðar- og hesthúsabyggðar við Einbúa í Laugardalshreppi.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. júní 1999.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

11. júní 1999

Nr. 413

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um búfjársæðingar og flutning fósturvísa, nr. 561/1994.

1. gr.

Skilyrði 4. málgr. 11. gr. um að sæðingarhryssur skuli blóðflokkaðar gildir ekki frá 11. júní 1999 til 1. september 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. júní 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

18. júní 1999

Nr. 414

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar. B-hluti.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar er taki gildi 1. júlí 1999.